

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-64/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 26. júlí 2016 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Z, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að þjónusta seljanda hafi verið gölluð og krefst úrbóta úr hendi seljanda eða annars aðila á kostnað seljanda.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2016 var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 1. september 2016. Hinn 7. september 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum þann 18. september. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 29. september 2016 og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bárust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti þjónustu af seljanda sem fólst í frágangi við þak á fasteign í hans eigu að á Akureyri, sem hann á með eiginkonu sinni og öðrum hjónum. Um er að ræða hesthús sem eru tvær sjálfstæðar einingar en með sameiginlegu inntaki fyrir vatn og rafmagn. Fasteignin var í byggingu árin 2010-2012. Þak fasteignarinnar, sem er gert úr svokölluðum yleiningum/samlökum, með fjórum upphækkuðum þakgluggum, var sett á haustið 2011 og klárað haustið 2012. Að því búnu fékk álitsbeiðandi seljanda sem verktaka til endanlegs frágangs við þakglugga og „hatt“ á suðurstaftni fasteignarinnar. Seljandi tók að sér það verk og fékk til liðs við sig undirverktaka en verkið var unnið í tímavinnu.

Þegar seljandi hóf vinnu við verkið kom í ljós að þakeiningarnar þyrftu fleiri festingar við þaksperrur og var það gert. Þessum verkþáttum var lokið haustið 2012 og fyrstu reikningar frá seljanda voru útgefnir í október árið 2012. Við verklok þótti álitsbeiðanda og öðrum eigendum óhóflegur fjöldi stunda fara í þann verkþátt sem undirverktakinn tók að sér að vinna, vinnu við þakglugga og flasningar sem voru samtals í 70 klukkustundir, og gerðu um það athugasemdir við seljanda. Ekki var tekið tillit til þeirra athugasemda og reikningurinn var greiddur af hálfu eigenda fasteignarinnar. Útgefandi reikningsins og móttakandi greiðslu var seljandi og endanlegt uppgjör fór fram í mars eða apríl 2013.

Fasteignin var að hluta tekin í notkun í tvær vikur í lok maí 2012 en stóð svo ónotuð það sumar. Hestar voru fyrst teknir á hús í suðurhluta í byrjun árs 2013 en í norður hluta ári síðar. Vorið 2013 sást leki með stærri þakglugga í suðurhluta fasteignarinnar en sá þakgluggi er yfir sjálfu hesthúsinu og enginn raki sást við þakglugga yfir kaffistofu. Taldi álitsbeiðandi því í upphafi að rakinn stafaði frá þéttingu raka frá hrossum. Í norðurhluta fasteignarinnar

voru engin hross en þar kom síðar í ljós leki frá þakglugga og varð eigendum ljóst að þétting raka væru ekki um að kenna. Í rigningum snemma sumars 2013 varð ljóst að lekinn er töluverður.

Sumarið 2013 fóru starfsmenn undirverktakans, sem seljandi fékk til starfsins, að huga að gluggaleka á norðurhluta þaksins. Álitsbeiðandi kveðst hafa áréttað við starfsmenn sem voru við vinnu á þakinu að vandinn væri sá sami við þakglugga á suðurhluta og það þá að huga að og gera við þar. Ekki sáust nein merki þess að þeir hefðu orðið við þeirri beiðni. Veturinn 2013-2014 var lekinn þó nokkuð meiri en áður í suðurhluta og einnig veturinn 2014-2015. Sumarið 2015 átti álitsbeiðandi leið upp í hesthús eftir miklar rigningar og sá þá skýr og mikil merki leka á hesthúsgólfi sem sýndi leka meðfram allri lengd og breidd gluggans en mest í SA-horni, þar sem áður hafði alltaf borið mest á þéttingu.

Vegna þessa skýru merkja um leka í báðum hesthúsunum átti sonur annarra eigenda fasteignarinnar samtal við eiganda seljanda um málið í ágúst árið 2015 við litlar undirtektir og álitsbeiðandi hafði svo samband við seljanda 19. október 2015. Þá sagðist seljandi, að sögn álitsbeiðanda, ekki vilja meira með eigendur hafa vegna leiðinda af þeirra hálfu, þ.e. athugasemda við fjölda vinnutíma undirverktakans, sem þó var greitt fyrir á endanum. Að sögn álitsbeiðanda sagði seljandi að eigendur skyldu fá sér annan verktaka og senda reikning til sín. Í kjölfarið sendi álitsbeiðandi eftirfarandi tölvupóst til seljanda til að tryggja réttan skilning á samtali aðila:

„Sæll og takk fyrir samtalið fyrr í dag

Hvað sem líður samskiptum okkar varðandi þakið þá stendur eftir sú staðreynd að það míglegur með a.m.k. með tveimur stóru þakgluggunum.

Í samtali okkar kom skýrt fram að þú vildir ekki meiri samskipti við okkur húseigendur og þar af leiðandi ekki takst á við þessa hnökra á þakvinnunni en bentir mér að leita annað og viðkomandi mætti senda reikninginn fyrir þeirri vinnu til þin.

Rétt skilið?[...]”

Þann 20. október barst álitsbeiðanda eftirfarandi svar frá seljanda:

“Sæll X

Þetta er nú ekki eins einfalt og þú vilt vera láta

Einhverjir starfsmenn á ykkar vegum settu gluggana í með þeim þéttingum sem því fylgir, okkar vinna var að smíða og setja flasningar í kringum íkomna glugga.

Ég gef enga heimild til að senda reikning á okkur nema fyrirliggi óyggjandi úrskurður um það hver orsök lekans er og að við sannanlega berum ábyrgð á honum [...]”

Álitsbeiðandi svaraði seljanda þann 22. október með tölvupósti þar sem m.a. sagði:

„Ég skil ekki flækjustigið sem þú ert að lýsa. Þú býrð til sviðsmynd sem engu máli skiptir og bréf þitt er ekki í samræmi við fyrirvaralausla tillögu þína að lausn vandans: "Fáið þið bara ykkur menn og sendið reikninginn á mig" sagðir þú í símtali”.

Málið er einfalt:

Þitt fyrirtæki tók að sér að klára verk og fá aðra til liðs við sig og við verkskil voru engir fyrirvarar gerðir, þ.e. engar upplýsingar um að ekki hafi tekist að ljúka verkinu með eðlilegum hætti og það mætti þess vegna búast við einhverjum hnökrum/göllum s.s. leka. Við húseigendur höfðum því enga ástæðu til að ætla annað en að verkinu væri lokið og fyrir það var greitt. [...]

Ef það mátti búast við að ekki hefði tekist að ljúka verkinu t.d. vegna handvamar einhverra annara hefði verið viðeigandi að gera grein fyrir því við upphaf verks, a.m.k. við verkskil. Það var ekki gert. [Undirverktakinn] hefði átt að gera athugasemd við gluggana ef gluggarnir hefðu verið rangt eða illa uppsettir þegar þeir komu að verkinu. Slíkt hefði verið faglegt. Það var ekki gert. Það má því ætla að aðkoman hafi verið eðlileg. Við húseigendur vorum ekki eingöngu að kaupa efni og uppsetningu á flasningum. Verkefni [seljanda og undirverktaka] var að ganga þannig frá gluggunum að þeir héldu vatni og vindi. Hvað annað? Taldi verktaki ekki að hann hefði skilað óaðfinnanlegu verki?

[Seljandi] var milliliður um að fá [undirverktaka] til verksins í upphafi og [undirverktaki] fór upp á þak sumarið 2012 til að gera við leka sem kom strax fram. Það er ekki hægt að túlka það á annan hátt en að gengist hafi verið við ábyrgð á verkinu. Að öðrum kosti átti [undirverktaki] ekkert erindi þá upp á þakið. Sú ábyrgð er eðlilega enn til staðar því enn lekur. Ekki var gert við lekan að fullu að norðan, en þó bara að hluta, sem bendir þá til að lekin tilheyrði verkþætti [undirverktakans, a.m.k. gerði [hann] enga athugasemd heldur þá. Það var ekki hreyft við einu eða neinu sunnan til á þakinu þó svo beðið væri um það og nú þar fer vandinn þar vaxandi.

Í ljósi óvissu af þinni hálfu, ekki minni, um eðli og orsök lekans og ábyrgð á verki sýnist mér besta lausnin og viðeigandi að þínir menn einhendi sér í að skoða aðstæður og geri við það sem þarf að gera. Það er venjulega best að koma að eigin verki. Auðveldast að laga.[...]"

Ekkert svar barst og álitsbeiðandi ítrekaði erindi sitt þann 5. janúar 2016. Enn hefur ekki heyrst frá seljanda og leitar álitsbeiðandi því til kærunefndarinnar og krefst þess að seljanda verði gert að bæta úr galla við verkið eða annar verktaki verið fenginn til þess á kostnað seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir hann að álitsbeiðandi hafi ekki beðið sig um að rýna eða yfirfara hönnun eða verk það sem þegar var búið að vinna og aldrei hafi byggingarstjóri, hönnuður eða iðnmeistari verið kallaður til. Aðeins hafi einn eigenda hesthússins komið að máli við seljanda í september 2012 og farið þess á leit að unnið yrði við kantflasningar við glugga og frágang við vegg milli húsa. Seljandi tekur fram að mikið hafi verið að gera á þessum tíma og þar sem verkið lá nærri fagi húsasmíða var álitsbeiðanda gefinn sá kostur að fá aðila með í verkið en seljandi gæti smíðað en þeir svo sett upp. Síðar í ferlinu kom í ljós samkvæmt seljanda að þakið hafi verið meira og minna ófest svo einn eigenda hafi óskað eftir að gengið yrði á þakið og það fest niður. Að sögn seljanda voru 500 skrúfur settar í þakið sem álitsbeiðandi hafi haldið að væri fest. Síðar þegar reikningar voru sendir út hafi borið á vantrú hjá álitsbeiðanda um að allur tími sem fór í verkið hefði verið unnin, en það sem átti að vera lítil vinna varð töluvert meira en álitsbeiðandi hafði búist við í upphafi.

Seljandi óskar einnig eftir að upplýsingar liggi fyrir um hver var hönnuður, byggingarstjóri og húsasmíðameistari við byggingu hesthússins. Að lokum segir seljandi:

„Ef gögn/teikningar/verklýsingar sýna svo ekki verði umvillst að annar frágangur hefði verið heppilegri þá væri kannski hægt að nálgast málið á einhverjum faglegum

grunni en því miður þá er þessi greinargerð sem fylgir tilkynningu ykkar um kvörtun hvergi nærri því [...]“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda tekur hann fram að seljandi komi ekki að kjarna málsins í bréfi sínu. Málið er einfalt að sögn álitsbeiðanda, seljandi hafi tekið að sér að klára uppsetningu á þaki og ganga frá „hatti“ við suðurstarf fasteignarinnar ásamt fjórum þakgluggum. Vorið 2013 var gerð athugasemd um að leki væri með gluggum og undirverktaki gerði við glugga á einum stað með árangri sumarið 2013 en skoðaði ekki tvo glugga á annarri hlið fasteignarinnar þrátt fyrir beiðni um það. Nú leka enn a.m.k. tveir gluggar, hvor á sínum helmingi eignarinnar. Það að undirverktaki hafi náð að gera við leka í einum glugga og að a.m.k. einn gluggi hafi aldrei lekið, segir allt sem segja þarf um hönnun þakgluggana að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi tekur fram að seljandi hefði ekki átt að taka að sér verkið ef hann hefði efasemdir um hönnun þess eða annað, en engar athugasemdir voru gerðar, hvorki við upphaf eða lok verksins. Ekki var heldur beðið um upplýsingar um hönnuð, byggingarmeistara eða húsasmíðameistara við framkvæmd verksins, en seljandi var ráðinn til verksins vegna fagkunnáttu fyrirtækisins. Álitsbeiðandi upplýsir í athugasemdum sínum hverjir eru hönnuður, byggingarstjóri og húsasmíðameistari fasteignarinnar og tekur fram að þessar upplýsingar séu aðgengilegar hjá Akureyrarbæ og seljandi hefði auðveldlega getað kynnt sér þær. Þá tekur álitsbeiðandi fram að seljandi hafi ekki verið beðinn um að rýna í eða yfirfara hönnun heldur klára einfalda, augljósa og vel skilgreinda verkþætti og aldrei hafi verið bornar upp spurningar í upphafi verksins.

Þá segir álitsbeiðandi að fullyrðing seljanda, um að 500 skrúfur hafi þurft til að festa þakið, standist að sínu mati ekki skoðun. Þakið hafði verið á fasteigninni í heilt ár með um 50 cm rönd opna eftir öllum suðurstafni, en samt hafi þakið staðið af sér djúpar lægðir á vindasamri staðsetningu. Seljanda var hins vegar greitt uppsett verð fyrir þessa vinnu.

Álitsbeiðandi tekur fram að ítrekaðar tilraunir hafi verið gerðar til að fá seljanda til að skoða málið, með aðkomu Neytendasamtakanna, en allar beiðnir hafi verið hunsaðar. Þá er tekið fram að ef seljandi treysti sér ekki í verkið sjálfur liggi beinast við að seljandi greiði kostnað við vinnu verksins af hálfu annarra aðila.

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir var seljandi fenginn til þess að vinna við þak á hestúsi í eigu álitsbeiðanda, eiginkonu hans og annarra hjóna. Þjónusta seljanda fólst í endanlegum frágangi á þakgluggum og „hatti“, eftir að byggingu fasteignarinnar var lokið um haustið árið 2012. Þá setti seljandi upp festingar við þaksperrur, flasningar og vann að frágangi þaksins. Endanlegt uppgjör milli aðila vegna þjónustunnar fór fram í mars eða apríl árið 2013.

Þegar álitsbeiðandi og aðrir eigendur hófu að nota hestúsið í byrjun árs 2013 sást fljótlega leki á þakglugga í suðurhluta fasteignarinnar og síðar einnig í norðurhluta. Ætla má að það hafi verið nokkrum mánuðum eftir að notkun hófst en í álitsbeiðni er talað um vorið 2013. Í rigningu um sumarið það ár varð ljóst að töluverður leki var frá þakinu. Starfsmenn undirverktakans, sem seljandi fékk til verksins, gerðu við leka á norðurhluta þaksins en ekki við leka í suðurhluta. Frá þessum tíma hefur lekinn aukist mikið að sögn álitsbeiðanda.

Álitsbeiðandi telur að þjónusta seljanda hafi verið gölluð og krefst þess að seljandi bæti úr gallanum eða verði gert að greiða kostnað vegna úrbóta af hálfu annarra aðila. Seljandi virðist byggja á því í málinu að lekinn stafi af vinnu annarra aðila við þak fasteignarinnar.

Kærunefndin álitur að 4., 6., 9. og 11. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en þar segir:

„4. gr. Útseld þjónusta, sem veitt er í atvinnuskyni, skal ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkast hverju sinni. Skylt er að veita allar upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum.

Seljandi þjónustu leggur fram nauðsynleg efni og aðföng nema um annað sé sérstaklega samið.

6. gr. Seljanda þjónustu er skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir. [...]

9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almenningsi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

11. gr. Ef seld þjónusta er gölluð getur neytandinn krafist þess að seljandi hennar bæti úr göllunum nema það valdi seljanda þjónustunnar óhæfilega miklum kostnaði eða verulegu óhagræði.

Hafi neytandi rétt til að krefjast úrbóta skv. 1. mgr. og seljandi þjónustu bætir ekki úr galla innan hæfilegs frests er neytanda heimilt að láta bæta úr gallanum á kostnað seljanda þjónustunnar enda sé unnt að bæta úr án óhóflegs kostnaðar og til frádráttar komi sú greiðsla sem neytanda ber að greiða hefði seljandi sjálfur bætt úr hinni seldu þjónustu, sbr. 12. gr.

Neytanda er heimilt að halda eftir greiðslu þar til úrbætur hafa farið fram. Teljist gallinn óverulegur getur neytandinn aðeins haldið eftir fjárhæð sem nemur því sem kostar að bæta úr gallanum.“

Í leiðbeiningarskyldu seljanda samkvæmt 6. gr. sbr. 4. gr. þkpl. felst að seljanda ber að tilkynna neytanda um atriði sem skipta máli fyrir framkvæmd verksins. Seljanda ber því að upplýsa neytanda um það ef hann verður var við vankanta á þeim hlut sem vinna á við, sem

áhrif getur haft á framvindu eða notagildi verksins. Ef seljandi, í máli þessu, varð var við ófullnægjandi vinnubrögð byggingaraðila eða annarra fyrri verktaka við byggingu fasteignarinnar, sem áhrif gætu haft á þá vinnu sem hann tók að sér, bar honum að upplýsa álitsbeiðanda um það. Í málinu liggur hins vegar ekki fyrir hvort seljanda hafi verið ljóst við upphaf verksins eða við vinnu verksins hvort vinnu fyrri verktaka við þakið hafi verið ábótavant eða hvort hann hafi aðeins litið svo á eftir að lekinn kom í ljós. Nefndin álitur því að ekki sé hægt að slá því föstu að seljandi hafi vanrækt leiðbeiningarskyldu sína og að þjónustan sé haldin galla á þeim grundvelli, sbr. 1. og 3. tl. 9. gr.

Kærunefndin telur liggja fyrir í málinu að þak fasteignarinnar uppfylli ekki hlutverk sitt, sem er meðal annars það að halda veðri og vindum frá því að berast inn í fasteignina. Verður því að meta hvort þjónusta seljanda geti talist gölluð á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 9. gr. þkpl., en í athugasemdum með frumvarpi til þkpl. segir um ákvæðið:

„Ef árangur þjónustunnar verður ekki sá sem um var samið og það er ekki á ábyrgð neytanda er þjónustan gölluð, óháð því hvort um sök er að ræða hjá seljanda. Ábyrgðin er hlutlæg að þessu leyti en varðandi vanefndaúrræðin skiptir sök máli. [...] Strangari kröfur eru gerðar við mat á galla ef seljandi er eða læst vera sérfræðingur á sínu sviði.“

„Meginreglan er sú að neytandi beri sönnunarbyrðina vilji hann sanna að gallar séu á þjónustunni þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til hans á ný. Ef unnt er að sýna fram á að á henni hafi á þeim tíma verið ýmsir annmarkar ber seljandi ábyrgð á því nema hann geti sannað að sök neytanda sé ástæðan fyrir því að ekki náðist sá árangur með þjónustunni sem til var ætlast. Ákvæði þetta er bundið því skilyrði að um vanrækslu sé að ræða hjá seljanda eða starfsmönnum hans.“

Álitsbeiðandi mátti gera kröfu um að þak fasteignarinnar að Sörlaskjólí 7 myndi halda vatni á eðlilegan hátt og notagildi þess yrði í samræmi við það sem eðlilegt er. Þess í stað hefur lekið frá þakinu frá því stuttu eftir að vinnu seljanda lauk, en lekinn hófst vorið 2013, nokkrum mánuðum eftir að fasteignin var tekin í reglulega notkun. Í málinu deila aðilar um það hver beri ábyrgð á þeim göllum sem finna má á þakinu, seljandi eða aðrir verktakar sem komu að vinnu við þakið. Af atvikum máls virðist sem álitsbeiðandi hafi keypt þjónustu af seljanda sem fólst í heildarvinnu við þakið, enda skapaðist t.a.m. auka kostnaður við að festa þakeiningar sem seljandi leit á sem sína vinnu, sem seljandi segir hafa verið ábótavant af hálfu fyrri verktaka. Seljandi var því fenginn til frágangs á þakinu auk vinnu við þakglugga og „hatt“.

Það hvílir á álitsbeiðanda að sanna að þjónusta seljanda hafi verið gölluð, en ekki hafa verið lögð fram gögn í málinu sem útskýra verksamning aðila nánar eða staðreyna gallann frekar. Fyrir liggur að aðrir aðilar unnu við þakið áður en seljandi hóf sína vinnu, m.a. við það að setja glugga í þakið með þéttingum. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna hvaðan lekinn stafar sem staðfest getur að þjónusta seljanda hafi raunverulega verið haldin galla. Kærunefndinni er því ekki annað fært en að hafna kröfum álitsbeiðanda um úrbætur.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sökum þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu

haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson